

13. júlí 2010

Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

Þann 13. janúar 2010 gerðu Fjármálaeftirlitið og Bakkavör Group hf. með sér sátt vegna brots félagsins á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Bakkvör Group hf. sem útgefandi skráðra fjármálagerninga, við því að hafa brotið gegn 128. gr. vvl, með því að hafa ekki sett félög fjárhagslega tengd fruminnherjunum Ágústi Guðmundssyni og Lýði Guðmundssyni á lista yfir fjárhagslega tengda aðila.

Í 128. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefenda til að senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum. Samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti (vvl.) ber útgefanda að senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um nöfn aðila sem eru fjárhagslega tengdir innherjum.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 1.250.000,-.